

Nd. **333. Frumvarp til laga** [154. mál]
um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964—65.)

1. gr.

Á árinu 1965 greiðir rikissjóður fiskseljendum 25 auru verðuppbót á hvert kíló línu- og handfærafisks. Þessi upphæð kemur til skipta milli sjómanna og útgerðarmanna samkvæmt samningum um hlutaskipti.

2. gr.

Ríkissjóður leggur fram 33 millj. kr. á árinu 1965, er verja skal til framleiðniaukningar frystihúsa og annarra endurbóta í framleiðslu frystra fiskafurða. Stofnlánadeild sjávarútvegsins úthlutar fé þessu til tiltekinnna framkvæmda í samráði við Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands, eftir reglum, sem sjávarútvegs- málaráðherra setur.

3. gr.

Stjórn Aflatryggingasjóðs er heimilt að ákveða, að bætur til togara úr sjóðnum vegna aflabrests 1964 skuli miðast við úthaldstíma þeirra á því ári, svo og að setja um þetta nánari reglur, með samþykki sjávarútvegs málaráðherra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í sambandi við ákvörðun fiskverðs fyrir árið 1965 í byrjun janúarmánaðar s. l. lýsti ríkisstjórnin því yfir, að hún mundi leita heimildar Alþingis til þess að greiða á árinu 1965 25 aura verðuppbót á hvert kíló línu- og handfæræfisks. Jafnframt skýrði ríkisstjórnin fulltrúum fiskseljenda og -kaupenda frá því, að hún mundi stuðla að því að frystihúsunum yrði á árinu 1965 bætt upp sú aukning framleiðslukostnaðar, er leiddi af þeirri hækkun fiskverðs um 5½%, sem yfirnefnd ákvað. Er sú kostnaðaraukning áætluð 33 millj. kr. Í þessu frumvarpi er farið fram á heimild Alþingis til að inna af hendi þessar greiðslur.

Athuganir, er gerðar voru á afkomu hraðfrystihúsanna í sambandi við ákvörðun fiskverðsins, benda til þess, að afkoma þeirra hafi verið tiltölulega góð á árinu 1964 og betri heldur en búizt var við í byrjun ársins. Stafar þetta bæði af hærra verði á erlendum mörkuðum og meiri þorskfiskafla, en búizt hafði verið við. Þrátt fyrir þetta er augljóst, að geta hraðfrystihúsanna til þess að bera þá fiskverðshækkun, sem nú hefur verið ákveðin, er lítil. Stafar þetta ekki sízt af því, að nú fellur niður greiðsla ríkissjóðs á þeirri 6% hækkun fiskverðs er varð í ársbyrjun 1964, og það 43 millj. kr. framlag til framleiðniaukningar og annarra endurbóta, er greitt var á árinu 1964. Þá verða frystihúsin einnig að standa undir kauphækkunum, er urðu samkvæmt nýjum kjarasamningum á árinu 1964, auk jafnlaunahækkunar kvenna í byrjun þessa árs og væntanlegrar visitöluhækkunar kaups á þessu ári. Á móti þessu kemur sú áframhaldandi verðhækkun, sem að öllum líkindum mun eiga sér stað á erlendum mörkuðum, lækkun farmgjalda á útfluttum freðfiski á árinu 1964 og áhrif vaxtalækkunar um s. l. áramót, auk þeirrar aukningar framleiðni, sem gera má ráð fyrir, að hafi átt sér stað í frystihúsunum.

Enda þótt þau atriði, sem hér hafa verið talin og leiða til lækkunar framleiðslukostnaðar, séu þýðingarmikil, megna þau þó ekki að fullu að vega á móti brottfalli framlags til framleiðniaukningar og niðurgreiðslu fiskverðs og áhrifum launahækkana. Er því ljóst, að það gæti haft hinar alvarlegustu afleiðingar, ef frystihúsin þyrftu að taka á sig hækkun fiskverðs um 5½% og greiðslu sérstakrar uppbótar á linufisk nema sérstök aðstoð ríkissjóðs kæmi til. Í því sambandi er ekki sízt ástæða til að hafa það hugfast, að frystiðnaðurinn er þýðingarmesta grein íslensks útflutningsiðnaðar og sú grein hans, sem einna mestur vöxtur hefur verið í og einna bezt þróunarskilyrði hefur. Það væri því í meira lagi varhugavert, ef svo væri að þessari grein búid heima fyrir, að hún gæti ekki með eðlilegum hætti endurnýjað það fjármagn, sem í henni er bundið, og fylgzt með í þeirri öru tækniþróun, sem á sér stað í frystiðnaði annarra landa.

Á hinn bóginn er einnig ljóst, að ríkissjóður getur ekki tekið að sér til lengdar og í ríki mæli að greiða hráefniskostnað eða annan kostnað frystihúsanna. Einnmitt þess vegna var aðstoð ríkisins á s. l. ári fyrst og fremst við það miðuð að stuðla að aukinni framleiðni frystihúsanna, þannig að þau yrðu sem fyrst fær um að standa að fullu á eigin fótum að nýju. Þetta bar þann árangur, að aðstoðin hefði nú getað fallið niður með öllu, ef nýjar og mjög verulegar kostnaðarhækkanir

hefðu ekki komið til. Verður því aftur að grípa til ráðstafana til stuðnings frystihúsunum, enda þótt sá stuðningur sé minni en á s. l. ári. Lagt er til, að sama fyrirkomulag verði haft á þessu eins og áður og felur mismunur á orðalagi 2. gr. þessa frumvarps og 1. gr. laga um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins nr. 1 1964, ekki annað í sér en að kveða skýrar á um það fyrirkomulag, sem þau lög gerðu ráð fyrir. Er ástæða til að ætla, að verðhækkanir erlendis og bættur rekstur innanlands muni fljótlega gera þennan stuðning óþarfan, svo framalega sem of miklar nýjar byrðar verði ekki lagðar á þennan atvinnuveg.

Þau útgjöld ríkissjóðs, sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir, nema samkvæmt framansögðu 55 millj. kr. Fyrir þessum útgjöldum var ekki gert ráð á fjárlögum ársins 1965 og verður því að gera sérstakar fjárhagslegar ráðstafanir þeirra vegna. Sama máli gildir um hækkun útgjalda vegna þeirrar 6.6% launahækkunar opinberra starfsmanna, sem samið var um snemma á þessu ári. Sú útgjaldahækkun er áætluð 65 millj. kr. Alls er því hér um að ræða 120 millj. kr. útgjaldaukningu. Til þess að hægt sé að mæta þessari aukningu, hefur ríkisstjórnin ákveðið að nota heimild í 22. gr. XLVI fjárlaga ársins 1965 til að fresta verklegum framkvæmdum ríkisins og greiðslu framlaga til annarra aðila. Greiðslur til verklegra framkvæmda og framlaga til verklegra framkvæmda á fjárlögum ársins 1965 nema samtals 600 millj. kr. Er því nauðsynlegt að lækka þessi framlög um 20% til þess að hægt sé að mæta þeirri 120 millj. króna útgjaldahækkun, sem að framan getur.

Um 3. gr. skal tekið fram, að hér er um að ræða framlengingu ákvæðis til bráðabirgða, sem samþykkt var á s. l. ári og gilti fyrir árið 1963.

Er það ósk samtaka togaræigenda að sama fyrirkomulag verði viðhaft á greiðslum vegna ársins 1964.